

# Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn á skrifstofu Blönduósbæjar, miðvikudaginn 23. október 2019, og hófst kl: 16:00-

Mættir: Hjálmar Björn Guðmundsson, formaður (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Magnús Valur Ómarsson (Blb), Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri A-Hún., og Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Blb., sem jafnframt ritaði fundargerð.

## Fundargerð:

Hjálmar Björn, formaður, setti fund, kl 16:10, og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin, samþykkt og undirrituð, en hún hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti

### 2. Staðan í starfi Brunavarna A-Hún.

Ingvar Sigurðsson slökkviliðsstjóri A-Hún., fór yfir stöður helstu mála hjá Brunavörnum A-Hún., m.a. úttekt Mannvirkjastofnunar, og mörg fleiri mál.

### 3. Fjárhagsáætlun 2020 – staðan á undirbúningi

Valdimar upplýsti að undirbúningur að fjárhagsáætlun væri hafin, í tengslum við fjárhagsáætlun sveitarfélaganna. Samþykkt að næstu skref væru að Ingvar myndi fara yfir stöður og tillögur með aðalbókara Blönduósbæjar, en síðan myndi formaður og framkvæmdastjóri koma að málum, í þeirri vinnu. Fjárhagsáætlun BAH fyrir 2020, væri síðan lögð fyrir stjórn til staðfestingar.

### 4. Endurnýjun á Tankbíl slökkviliðs A-Hún. – minnisblað kynnt

Á síðasta fundi stjórnar, lið 4., var IS, slökkviliðsstjóra falið að kanna fyrir stjórn, kostnað við endurnýjun á tankbíl, eftir kynningu á núverandi ástandi. Fyrir fundinum lá minnisblað frá IS, ásamt myndum, um notaða bifreið sem stæði til boða að kaupa, ásamt kostnaði við aukabúnað, sem fjárfesta þarf í samhliða kaupunum. Málinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2020, en stjórn er sammála því að leyta allra leiða til að þessi þarfa endurnýjun geti farið fram, og var slökkviliðsstjóra og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram eins og lagt er til í minnisblaðinu.

### 5. Húsnæðismál Brunavarna A-Hún.,

Á síðasta fundi stjórnar, lið 4., var m.a. rætt um stöðuna á núverandi slökkvistöð, en þar er uppsafnað mikið viðhald, m.a. vegna leka, óþéttingar, og almennt ástand ekki nægilega gott. Stjórn samþykkir tillögu VOH um að kallaður verði saman rýnihópur aðila, til þess að kanna alla möguleika í húsnæðismálum fyrir nýja slökkvistöð/björgunarmiðstöð Brunavarna A-Hún., eða endurbyggingu og stækkun á núverandi slökkvistöð, gjarnan í samstarfi við aðra aðila eins og Björgunarfélagið Blöndu. Hópurinn yrði samansettur með 1 fulltrúa frá stjórn BAH, 1 fulltrúa frá hvoru aðildarsveitarfélagi, og 1 fulltrúa frá Björgunarfélaginu Blöndu, ásamt slökkviliðsstjóra, en mögulegar tillögur eða útfærslur hópsins verði síðan lagðar fyrir stjórnir viðkomandi aðila, og kynntar aðildarsveitarfélögum, áður en lengra yrði haldið.

### 6. Önnur mál:

VOH & IS, sögðu frá fundi í Almannavarnarnefnd A-Hún., sem var fyrr um daginn, en þar voru m.a. kynnt drög að Hópslysaáætlun fyrir allt Norðurland vestra, sem er í lokayfirlestri og verður síðan kynnt fljótlega.

# Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

---

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl 17:30-

Hjálmar Björn Guðmundsson (sign), Sverrir Þór Sverrisson (sign),

Magnús Valur Ómarsson (sign), Ingvar Sigurðsson (sign),

Valdimar O Hermannsson (sign)